



Vegagerðin kt. 680269-2889, Suðurhraun 3, 210 Garðabær, annars vegar og Garðabær kt. 570169-6109, Garðartorg 7, 210 Garðabær, hins vegar, gera með sér svohljóðandi

SAMNING

1. gr.

Forsaga

Með gildistöku vegalaga nr. 80/2007 var skilgreiningu stofnvega breytt og féllu þá rúmlega 70 km þjóðvega í þéttbýli ekki lengur undir þjóðvegakerfið en urðu í kjölfarið sveitarfélagsvegir, sbr. 1. mgr. 9. gr. vegalaga nr. 80/2007. Með samningi þessum er endanlega gengið frá yfirfærslu veghalds á Arnarnesvegi nr. 411-02, Vífilsstaðavegi nr. 412-01 og 412-02, Álftanesvegi nr. 415-02 úr þjóðvegakerfinu, yfir til Garðabæjar.

2. gr.

Skilgreiningar

Í samningi þessum hafa hugtök eftirfarandi merkingu:

- Ástandsskýrsla: Sameiginleg skýrsla vinnuhóps Vegagerðarinnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga, sem unnin var af Eflu, Skilavegir – Ástandsmat dags. 28.06.2021,
- Skilalýsing: Lýsing á því sem skilað er til sveitarfélags samkvæmt samningi þessum,
- Skilavegur: Vegur sem færast í veghald sveitarfélags,
- Veghald: Forræði yfir vegi og vegsvæði, þ.m.t. vegagerð, þjónusta og viðhald vega,
- Veghaldari: Sá aðili sem hefur veghald vegar,
- Vegur: Akbraut, sem er sá hluti vegar sem er fyrst og fremst ætlaður fyrir umferð ökutækja, öll önnur mannvirki og vegsvæði sem að staðaldri eru nauðsynleg til þess að vegur sé varanlegur, unnt sé að halda honum við og hafa af honum sem fyllst not,
- Viðunandi ástand: Ástand vegar eins og það er skilgreint í skýrslu vinnuhóps Vegagerðarinnar og Sambands sveitarfélaga, sem unnin var af EFLU verkfræðistofu: Skilavegir – ástandsmat, dags. 28.06. 2021, kafla 2.1 Almennar skilgreiningar á viðunandi ástandi skilavega.

3. gr.

Skilavegir

Aðilar eru sammála um að með samningi þessum sé eftirfarandi vegum skilað til Garðabæjar:

1. Arnarnesvegur nr. 411-02, frá Hegranesi að Hafnarfjarðarvegur (40-03), lengd: 0,12 km, sbr. meðfylgjandi mynd *fskj. 1.*
2. Vífilsstaðavegur nr. 412-01, frá Hafnarfjarðarvegi (40-04) að Reykjanesbraut (41-13), lengd: 1,92 km, sbr. meðfylgjandi mynd *fskj. 2.*
3. Vífilsstaðavegur nr. 412-02, frá Reykjanesbraut (41-13) að Elliðaavatnsvegi (410-02), lengd: 0,86 km, sbr. meðfylgjandi mynd *fskj. 3.*
4. Álfarnesvegur nr. 415-02, frá Reykjanesbraut að Garðahrauni, lengd: 0,25 km, sbr. meðfylgjandi mynd *fskj. 4.*

Garðabær telst veghaldari framangreindra vega frá og með 1. janúar 2022 og er veghald veganna frá og með þeim tíma á ábyrgð sveitarfélagsins.

4. gr.

Greiðslur

Vegagerðin innir af hendi eingreiðslu að fjárhæð 82.410.000 kr., til að gera Garðabæ kleift að koma vegum skv. 3. gr., í viðunandi ástand samkvæmt nánari skilgreiningu. Framangreind fjárhæð skiptist á eftirfarandi hátt:

Vegna slitlags að fjárhæð 60.170.000 kr. Fjárhæð greiðslunnar skiptist á eftirfarandi hátt:

- Vífilsstaðarvegur skv. 2. tl. 3. gr., að fjárhæð 57.950.000 kr..
- Vífilsstaðavegur skv. 3. tl. 3. gr., að fjárhæð 870.000 kr.
- Álfarnesvegur skv. 4. tl. 3. gr., að fjárhæð 1.350.000 kr.

Vegna mannvirkja, vegbúnaðar o.fl. að fjárhæð 5.400.000 kr. Fjárhæð greiðslunnar skiptist á eftirfarandi hátt:

- Vífilsstaðavegur skv. 2. og 3. tl. 3. gr., að fjárhæð 4.200.000
- Álfarnesvegur skv. 4. tl. 3. gr., að fjárhæð 1.200.000 kr.

Vegna götulýsingar að fjárhæð 8.240.000 kr. Fjárhæð greiðslunnar skiptist á eftirfarandi hátt:

- Endurnýjun stólpa: 2 stk. x 320.000 kr./stk. = 640.000 kr.
- Skipti á lömpum: 95 stk. x 80.000 kr./stk. = 7.600.000 kr.

Vegna fráveitu að fjárhæð 8.600.000 kr.

Lokauppgjör greiðslna skv. 4. gr. milli samningsaðila fer fram í lok árs 2021. Að þeim tíma liðnum eiga aðilar engar frekari kröfur hvor á annan samkvæmt ákvæði þessu.

5. gr.

Yfirtaka veghalds

Garðabær telst veghaldari skilavega sem upp eru taldir í 3. gr. samnings þessa 1. janúar 2022 og er veghald hvers vegar frá og með þeim tíma á ábyrgð sveitarfélagsins.

Aðilar skuldbinda sig til að eiga samstarf um yfirtöku Garðabæjar á veghaldi, þannig að yfirfærslan gangi sem best fyrir sig og ekki verði rof á þjónustu.

Vegagerðin skal við yfirfærslu veghalds afhenda Garðabæ gögn er varða lagnir, ástand slitlaga, legu mannvirkja og annað sem máli getur skipt fyrir veghaldara.

6. gr.

Fyrirvari Garðabæjar

Samningar hafa ekki tekist um að fjármunir sem Vegagerðin hefur haft til reksturs og viðhalds þeirra vega sem færast til Garðabæjar við yfirfærslu veghalds samkvæmt vegalögum, 1. janúar 2022. Í greinargerð með lögum nr. 14/2015 kemur fram sá vilji löggjafans að „ekki [sé]gert ráð fyrir að í yfirfærslunni felist aukinn kostnaður fyrir sveitarfélögin“ og að „gert er ráð fyrir að það fjármagn sem nú er á hendi Vegagerðarinnar vegna veghalds þessara vega færist yfir til sveitarfélaganna samhliða yfirfærslunni á grundvelli samninga.“ Því lítur Garðabær svo á að þeim þætti sem lýtur að fjármögnun reksturs og viðhalds umræddra vega til framtíðar sé ólokið. Er því fyrirvari gerður við undirskrift þessa samkomulags og áskilnaður um allan rétt sveitarfélagsins til að leita réttar síns hvað þetta varðar.

Garðabær gerir þann fyrirvara að yfirfærsla veghalds Álftanesvegjar frá Reykjanesbraut að Garðahrauni eigi ekki að leiða til aukins kostnaðarhlutar bæjarins við framtíðar endurgerð vegamóta Álftanesvegjar og Reykjanesbrautar frá því sem væri ef vegurinn væri áfram í veghaldi Vegagerðarinnar.

Vegagerðin tekur ekki afstöðu til fyrirvara Garðabæjar en áskilur sér rétt til þess síðar verði tilefni til.

7. gr.

Ýmis ákvæði

Samningsaðilar munu skoða möguleika á því að leggja Álftanesveg frá Engidal að Reykjanesbraut en slík framkvæmd er háð því að ákvarðanir verði teknar um breytta flokkun vegarins.

Rísi úgreiningur út af samningi þessum skal málið rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Af samning þessum eru gerð tvö samhljóða eintök, eitt handa hvorum aðila. Til staðfestu framangreindu rita fulltrúar Garðabæjar og Vegagerðarinnar undir þennan samning með rafrænni undirskrift .

Staður/dags: _____

F.h. Vegagerðarinnar

F.h. Garðabæjar

Með fyrirvara um samþykki bæjarstjórnar

Fylgiskjöl:

1. Mynd, skilavegur: *Arnarnesvegur nr. 411-02.*
2. Mynd, skilavegur: *Vífilsstaðavegur nr. 412-01.*
3. Mynd, skilavegur: *Vífilsstaðavegur nr. 412-02.*
4. Mynd, skilavegur: *Álftanesvegur nr. 415-02.*